

234/36

Fundur haldinn í héraðsráði fimmtudaginn 4. jan. 2007 kl. 13:00 á skrifstofu héraðsnefndar.

Mættir voru: Valgarður Hilmarsson, Adolf H. Berndsen og Tryggvi Jónsson.

Dagskrá:

1. Rekstur Tónlistarskólans.
 2. Rekstur Sæborgar.
 3. Samþykkt héraðsnefndar frá 13. des. s.l..
 4. Önnur mál.
-
1. Mættur er á fundinn Skarphéðinn Einarsson skólastjóri og fór yfir starfsemi skólans og skýrði hvers vegna kostnaður við rekstur skólans hefur hækkað verulega. Fram kom meðal annars að launahækkanir hafa orðið verulegar í kjölfar kjarasamninga. Samþykkt var að koma á starfshópi sem fari ofan í starfsemi skólans og skili niðurstöðu til héraðsráðs fyrir miðjan mars.
 2. Framkvæmdastjóri skýrði frá vinnu sem er í gangi við að fá viðurkennd fleiri hjúkrunarrými. Umræður urðu um reksturinn og ákveðið að eiga fund með forstöðumanni.
 3. Á fundi héraðsnefndar 13. des. 2006 var samþykkt að kanna hagkvæmni þess að auka hlutverk héraðsnefndar og var héraðsráði falið að vinna að málinu. Málið var rætt ítarlega. Ákveðið var að boða til fundar með framkvæmdastjórum/oddvitum sveitarfélaganna.
 4. Önnur mál voru engin.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 15:10.

Valgarður Hilmarsson

Tryggvi Jónsson

Adolf H. Berndsen